

Inngangur

Skólanámskrá Laufskála er unnin af öllum kennurum leikskólans yfir nokkurra missera tímabil. Lokavinnan er í höndum stjórnenda skólans og er leikskólastjóri ábyrgðaraðili.

Foreldraráð leikskólans las yfir námskrána og gaf umsögn.

Aðkoma barnanna í leikskólanum að námskránni er mikil og alltaf sýnileg. Börnin gera námskrá á hverju hausti með aðstoð kennara og starfið í leikskólanum er lagað að óskum barnanna um námsefni og námsleiðir. Að vori meta börnin ákveðna þætti í starfinu og hafa þannig áhrif á umbætur starfsins.

Metnaðarfull vinna liggur að baki þessarar námskrár sem er endapunktur á skemmtilegu ferli sem fór í sér endurmat á uppeldi og kennslu í Laufskálum. Námskrá þessi er í fullu samræmi við það starf sem á sér stað í leikskólanum.



Laufskálar

Laufskálar eru staðsettir við Laufríma 9 í Reykjavík.
Leikskólinn tók til starfa þann 25. mars 1996.
Við leikskólann eru á bilinu 20-21 stöðugildi en þau fara eftir verkefnum og barnahópnum hverju sinni.

Rekstur og stjórnun Laufskála fellur undir Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar og þá stefnu sem þar er mótuð. Leiðarljós stefnunar er að börnum og ungmennum í borginni líði vel, þeim fari stöðugt fram og öðlist uppeldi og menntun fyrir líf og starf. Leikskólinn sækir einnig þjónustu til Miðgarðs, þjónustumiðstöðvar Grafarvogs og Kjalarness.

Heimasíða leikskólans er www.laufskali.is

Netfang leikskólans er laufskalar@leikskolar.is

Sími 587-1140/ 587-1146.

Hlutverk skóla

Laufskálar starfa samkvæmt lögum nr. 90/2008 um leikskóla og Aðalnámskrá leikskóla sem gefin var út af Menntamálaráðuneyti árið 2011. Á grunni Aðalnámskrár ber hverjum leikskóla að útfæra sína eigin skólanámskrá þar sem lögð er áhersla á sérkenni, menningu og starfshætti viðkomandi skóla. Í Laufskálum er áhersla lögð á leiklist, lýðræði og samskipti. Stefna skólans hvað varðar til dæmis jafnrétti, læsi og aga miðast við að hafa lýðræði og góð samskipti að leiðarljósi. Þessum markmiðum er meðal annars náð með aðferðum leiklistar. Leiklist er helsta vinnuleið leikskólans og því eru Laufskálar **leiklistarleikskóli**.

Einkunnarorð leikskólans

Í Laufskálum er viðurkennt að kennarar og börn þurfi stuðning og hjálp hvers annars við þróun í leik og starfi, hluti af þessu er að hafa einkunnarorð leikskólans sýnileg öllum.

Einkunnarorð Laufskála eru:

Opin hugur

Nærgætni

Virðing

Jákvæðni

Gleði

Virk hlustun

Með þessi einkunnarorð að leiðarljósi, sem einkenna öll samskipti í leikskólanum, er boðið upp á gott uppeldis- og kennslustarf.



Fagmennska kennara


„Gæði menntunar og árangur skólakerfis byggist fyrst og síðast á vel menntaðri og áhugasamri fagstétt kennara á öllum skólastigum.“ (Aðalnámskrá leikskóla, 2011).

Menntun og þekking eru hverjum einstaklingi nauðsynleg til að geta tekið lýðræðislegar ákvarðanir. Ein af grunnstoðum menntunar eru kennararnir, sem koma að flestum störfum skólanna. Hlutverk kennara er fyrst og fremst að miðla þekkingu til nemenda sinna og skapa aðstæður til að þeir geti aukið þekkingu sína sjálfir í formi reynslu. Til að nemandi geti lært verður kennarinn að vera vakandi fyrir almenntri vellíðan hans. Athuga að líkamleg og andleg umhirða nemandans sé í lagi og að honum sé mætt með þeim kennsluáðferðum og kennslurými sem hann þarfnast til að geta tileinkað sér námsefnið.

Kennarar þurfa að vera vakandi fyrir samfélagsbreytingum og þróa starf sitt í takt við þær. Stöðug þróun er í skólastarfinu í Laufskálum til þess að nemendur séu ekki einungis tilbúnir til að takast á við nútímann, heldur einnig færir um að mæta framtíðinni.

Í Laufskálum starfa allir kennarar leikskólans eftir Agastefnu Laufskála. Það er sú aðferð í samskiptum sem tryggir að allir kennarar nálgast börnin á sama hátt og að börnin viti hvernig brugðist er við hegðun þeirra. Agastefnan byggir á frösom sem gefa kennurum tækifæri til að koma að hegðunarmótun á virðingarverðan og sanngjarnan hátt.

Agastefnan stuðlar að því að börnin geti allaf treyst á að samskiptin í leikskólanum séu sanngjörn og uppbyggileg. Markmiðið er að bæði börn og fullorðnir geti klárað daginn sáttir við sjálfan sig og þau samskipti sem þau áttu yfir daginn.



Fræði og kenningar

Leikskólinn hefur mótað sína hugmyndafræði meðal annars út frá meistaraverkefninu **Leiklist í leikskóla og sjálfsmynd barna** eftir Önnu Báru Sævarsdóttur frá 2014. Þeir kennimenn sem helst er litið til þegar kemur að hugmyndafræði og uppeldislegri sýn leikskólans eru Dewey, Vygotsky, Bruner og Gardner. Þegar fjallað er um leiklist með börnum er oftast en ekki vitnað í þessa fræðimenn til að styðja viðkomandi hugmynd með menntunarfræðilegum og uppeldisfræðilegum rökum.

Bruner leggur áherslu á að börn bæti við þekkingu sína í samskiptum. Reynsla og umhverfi hefur mikil áhrif á nám þeirra en áhuginn skiptir einnig miklu máli. Bruner hefur líka fjallað um mikilvægi leiks og hlutverkaleiks fyrir þroska barna. Leikur og hlutaverkaleikur barna tengist leikskólastarfinu á mikilvægan hátt þar sem börn læra í gegnum samskipti og reynslu.



Kenningar Vygotsky fjalla meðal annars um svæði hins mögulega þroska sem vísar til svæðis þar sem börn geta leyst verkefni með aðstoð og haft lærdóm af. Vygotsky leggur áherslu á félagslegan leik í námi barna og lítur á leikinn sem leið að þroskasvæðinu og mikilvægt sé að styðja við barnið í leiknum. Leikurinn skapar þannig tækifæri til lærdóms og þroska. Kenning hans á vel við í leiklistarstarfi með börnum þar sem hlutverk kennarans er að leiðbeina og dýpka leik barnanna. Vygotsky leggur mikla áherslu á að þróa ímyndunarafl og sköpunargáfu barna en þróun ímyndunaraflsins hefur áhrif á þroska, hegðun og skilning á samfélaginu.

Dewey telur börn læra best við félagslegar athafnir. Hann bætir því við að í skapandi starfi þurfi áhugi, frumkvæði og forvitni að koma frá barninu sjálfu. Hann leggur einnig áherslu á að börnum sé ögrað með krefjandi verkefnum.

Howard Gardner telur leikræna tjáningu upplagða til þess að örva fleiri en eina greind í einu. Gardner bendir á að með sömu æfingunni má örva málgreind, rýmisgreind, hreyfigreind og samskiptagreind. Með leikrænni tjáningu má sameina ímyndaða reynslu, vitsmunalega, tilfinningalega og fagurfræðilega.

Námssviðin

Í Aðalnámskrá eru skilgreind námssvið leikskóla sem eiga að taka mið af grunnþáttum menntunar og eru gerð góð skil í starfi Laufskála.

Námssvið leikskólans eru:

Læsi og samskipti

Heilbrigði og vellíðan

Sjálfbærni og vísindi

Sköpun og menning

Læsi og samskipti

„Læsi í leikskóla felur í sér þekkingu, leikni og hæfni barna til að lesa í umhverfi sitt og tjá upplifun sína, tilfinningar og skoðanir á fjölbreyttan hátt.“ (Aðalnámskrá leikskóla, 2011)

Laufskálar starfa eftir læsisstefnu sem starfsfólk vann út frá viðmiðum Reykjavíkurborgar og Aðalnámskrá leikskóla.

Í Laufskálum er áhersla lögð á læsi barna. Á hverri deild er bókakrókur sem börnin hafa aðgang að þegar þau vilja. Kennarar telja þýðingarmikið að lesið sé fyrir börnin á hverjum degi, að rætt sé við börnin um efni bókanna og erfið orð útskýrð fyrir þeim. Töflusögur eru einnig notaðar til að gefa börnunum enn betra tækifæri til beinnar þátttöku. Hljóðkerfisvitund barnanna er efld með söng, vísum og rími.

Á deildunum eru morgunfundir þar sem börnin hjálpa kennurum að skipuleggja daginn. Þar eru notaðar merktar myndir svo börnin geta tengt saman myndmál og ritmál, ásamt því að æfa sig að setja orð á hlutina.

Lýðræði

Í leiklist, sem unnin er bæði innan deilda og í leiklistarstundum, er áhersla lögð á að æfa framkomu og hlustun. Sögur eru dýpkaðar með því að leika þær. Í leiklist getur allt breyst, lög verða að sögum, börn að ljónum og kennarar breytast í húsgögn. Í leiklist er unnið með tilfinningar og læsi í svipbrigði. Börnin læra að lesa í aðstæður, þekkja hlutverk sitt og annarra.

Læsi

Í Laufskálum er leitast við að hafa deildir aldurshreinar, það er að segja, einn árgangur er á hverri deild. Samvinna er þó á milli deilda, í formi flæðis, útiveru og litahrings í lok dags. Í flæði opnum við leikskólann og börnin geta leikið með hvaða efnivið sem er og með hverjum sem er. Kennarar dreifa sér um húsið og eru því allir að vinna saman. Í faggreinum (íþróttir, leiklist og flæði) blandast að einhverju leyti árgangarnir saman.

Heilbrigði og vellíðan

„Í leikskóla eiga börn að læra um og tileinka sér heilbrigða lífshætti, hollt mataræði, hvíld, hreinlæti og hreyfingu.“
„Daglegar athafnir í leikskóla eiga að stuðla að líkamlegri og andlegri vellíðan barna og góðri heilsu.“ (Aðalnámskrá leikskóla, 2011)

Í Laufskálum eru í boði hollar og næringarríkar máltíðir sem eru unnar frá grunni á staðnum. Manneldisjónarmið eru höfð að leiðarljósi og að börnin fái næga næringu til að takast á við daglegt starf. Lögð er áhersla á hreyfingu í leikskólastarfinu t.d. með reglulegum íþróttatímum þar sem boðið er upp á fjölbreyta hreyfingu. Öll börn fara út að minsta kosti einu sinni á dag. Vettvangsferðir eru stór þáttur af starfinu þar sem útivera og hreyfing eru í aðalhlutverki.

Heilbrigði



Samskiptaskráning er framkvæmd á öllum deildum markvist yfir árið. Markmið samskiptaskráningar er að kanna hvort að öll börn í leikskólanum fái jákvæða athygli frá kennara á deild og að þau fái það öryggi og góðu samskipti sem þau þarfnast og eiga rétt á.

„Við viljum að börnin geti alltaf treyst á að samskiptin í leikskólanum séu sanngjörn og uppbyggileg. Við viljum að allir geti klárað daginn sáttir við sjálfan sig og þau samskipti sem þeir áttu yfir daginn. Ef ekki, er það von okkar að bæði fullorðnir og börn geti beðist afsökunar á hegðun sinni og fengið sátt hjá viðkomandi aðilum. Það er öllum mikilvægt að hafa rödd og að á hana sé hlustað. Oft er það nóg fyrir börn að fá að segja frá. Þau eru ekki alltaf að óska eftir aðgerðum. Huggun getur verið fólgin í því að hlusta og bregðast við með tilfinningu og réttlæti. Einnig getur það hjálpað hinum fullorðna að skilja aðstæður ef virkilega er hlustað (Agastefna Laufskála, 2012).“

Dæmi um þetta er þegar barn í fataherbergi bregst ekki við fyrirmælum kennara um að búa sig til útiveru. Barninu er gefinn valkostur um að klæða sig sjálft eða fá aðstoð frá kennara. Kennarinn hefur í huga að hrós á vel við þegar vel gengur og að þeir valkostir sem í boði eru leiði að því lokamarkmiði sem kennarinn hefur í huga (barnið fer út vel klætt).

Jafnrétti

Sjálfbærni og vísindi

„Hlutverk leikskóla er að styðja við fróðleiksporsta barna með því að fylgjast með og hlusta eftir því hvað börnin eru að fást við og reyna að átta sig á hvernig þau hugsa og skilja hlutina.“ (Aðalnámskrá leikskóla, 2011)

Við bjóðum upp á fjölbreyttan efnivið og hvetjum börnin til að nota hann á ólíka vegu. Börnin taka þátt í að velja viðfangsefni og mismunandi leiðir að niðurstöðu. Efniviðurinn er að miklu leyti efni frá öðrum sem við endurnýtum. Lögð er áhersla á umhverfið okkar og virðingu við það. Börn og starfsfólk taka þátt í að flokka rusl og halda nánasta umhverfi hreinu.

Sjálfbærni



Börnin taka þátt í að velja viðfangsefnið út frá áhuga þeirra. Þau koma sér saman um hvaða viðfangsefni skuli tekin fyrir yfir veturinn og sett eru í deildarnámskrár. Börnin leita upplýsinga um efnið, setja það fram og rannsaka. Áherslan er á ferlið en ekki útkomuna.

Vísindi



Sköpun og menning

„Sköpun er mikilvægur þáttur í námi og þroska barna. Skapandi starf á fyrst og fremst að beinast að ferlinu sjálfu, gleðinni, tjáningunni og náminu sem á sér stað þegar hugmyndir, tilfinningar og ímyndun fá að njóta sín.“
„Menning er samofin öllu starfi leikskóla og tengist leik barna, lýðræði, skapandi starfi og þjóðmenningu. Gera skal barninu kleift að nálgast viðfangsefni frá mörgum hliðum og á eigin forsendum.“ (Aðalnámskrá leikskóla, 2011).

Leikskólinn skapar sína eigin menningu þar sem starf hans markast af verkefnum, skipulagi og þeim einstaklingum sem starfa og leika þar frá degi til dags. Í Laufskálum er leitast við að hafa lýðræðislegt andrúmsloft þar sem hlustað er á börnin og að þau hafi áhrif á ákvarðanir sem teknar eru hverju sinni.

Sköpun

Sköpun endurspeglast í öllu starfi Laufskála hvort sem það er í frjálsum leik eða skipulögðum verkefnum. Frjálsa leiknum er gefið rými í dagskipulagi leikskólans, mest í formi flæðis, þar sem börnin fá tækifæri til að nýta rými leikskólans til leiks.

Lögð er áhersla á leiklist og myndlist í skipulögðum stundum auk þess sem deildarstarf miðast af slíkri vinnu, samhliða frjálsa leiknum. Leitast er við að einblína á ferlið frekar en lokaniðurstöðu. Unnið er að því að verkefni séu við hæfi barnanna svo þau fái notið sín, fái verkefni sem ögrar þeim og veitir þeim gleði, þannig upplifa börnin að þau hafi áorkað einhverju.



Börn og kennarar fá ýmis tækifæri til að sækja menningarlega viðburði svo sem leiksýningar, tónleika, kvikmyndasýningar og aðrar heimsóknir. Auk þessa koma listamenn í heimsókn í leikskólann og færa okkur skemmtun og fræðslu. Þessar heimsóknir eru gjarnan kveikjan að leikjum tengdum menningunni. Dæmi um þetta er þegar börnin endurskapa leiksýningu sem þau hafa séð og nota til þess efnivið í leikskólanum.

Markmiðið er að börnin í leikskólanum kynnist því samfélagi og þeirri menningu sem þau lifa í ásamt því að kynnast ólíkum menningarheimum og fjölskyldugerðum. Við förum í heimsóknir á söfn og aðrar stofnanir, höldum upp á ýmsar hefðir svo sem Þorrablót, Öskudag, fögnum þjóðarbrotunum okkar og höldum leiksýningar, sumarhátíð og fleira.

Daglegt starf og faggreinar

Faggreinar

„Við skipulag skólastarfs skal lögð áhersla á nám og menntun barna og ungmenna og hæfni þeirra að námi loknu. Kennsluaðferðir og samskiptahættir, námsgögn og kennslutæki beinast fyrst og síðastað því að styðja nemendur í námi sínu. Námsmarkmið snúa að þeirri hæfni sem nemandinn öðlast í námsferlinu og býr yfir að námi loknu.“ (Aðalnámskrá leikskóla, 2011)

Til faggreina teljast skilgreind verkefni, þar sem börn fara í litlum hópum út af deildunum.



Deildarvinna

„Börn læra í leik og daglegu starfi í leikskólanum, innan dyra sem utan. Þau læra í samvinnu við önnur börn og þegar þau fá stuðning og hvatningu frá hinum fullorðnu.“ (Aðalnámskrá leikskóla, 2011).

Mikil áhersla er lögð á deildarvinnu í Laufskálum. Með deildarvinnu er markmiðið að efla sjálfstæði og sjálfsvitund barnanna, efla lýðræðislega hugsun þeirra og að þau læri að virða skoðanir annarra. Í upphafi vetrar er námskrá hverrar deildar unnin með börnunum en deildarnámskráin mótar kennslu og verkefni skólaársins. Börnin koma á framfæri hugmyndum um hvað þau vilja læra yfir veturinn og brugðist er við þeim með ýmiss konar þemavinnu.

Lýðræði





Innan deildarvinnunnar er frjáls leikur í hávegum hafður auk skipulagðra verkefna. Unnið er á deildum hluta úr degi og er misjafnt á milli deilda hvernig sá tími er nýttur. Börn og kennarar hafa frjálsar hendur hvernig þau vilja haga þemavinnunni og hvaða leiðir þau fara í þekkingarleit sinni.

Með því að börnin taki þátt í skipulagningu námsins er sjálfsmynd þeirra styrkt og lýðræði þeirra elft. Áhugi barnanna er virtur sem gerir þau opnari með hugmyndir sínar og óhræddari við að koma þeim á framfæri. Með því að fara eftir áhugasviði barnanna verða þau móttækilegri og lærdómsfúsari. Þau læra að vera opin fyrir hugmyndum annarra, geta þróað þær og komið með tillögur að útfærslum.

Jafnrétti

Flæði

„Leikur er meginnámsleið barna. Hann skapar börnum tækifæri til að læra og skilja umhverfi sitt, tjá hugmyndir sínar, reynslu og tilfinningar og þróa félagsleg tengsl við önnur börn. Þegar börn leika sér saman mynda þau félagslega hópa og skapan eigin menningu. Þau taka þátt í lýðræðislegum athöfnum þegar þau setja fram eigin hugmyndir og þurfa jafnframt að skilja hlutina frá sjónarmiði annarra“ (Aðalnámskrá leikskóla, 2011).

Flæði fer fram á þremur elstu deildum leikskólans. Í flæði er áhersla lögð á frjálsan leik barnanna og sjálfsákvörðunarréttur þeirra virtur með því að þau velja sér það viðfangsefni sem þau vilja vinna með hverju sinni. Í flæði eru flest svæði leikskólans nýtt og börnin fara frjálst um í leit sinni að áhugaverðum verkefnum. Þannig er börnunum boðið upp á fjölbreytt námsumhverfi.

Jafnrétti

Börn á mismunandi aldri blandast saman og miðla þannig þekkingu og áhuga sín á milli. Þau yngri læra af þeim eldri og öfugt. Í flæði er börnunum gefin nægur og samfelldur tími til leiks og sköpunar.

Kennarinn staðsetur sig í sjónfæri og er ávallt til staðar til að benda á spennandi verkefni. Kennarar skrá leik barnanna t.d. með ljósmyndaskráningu. Flæði reynir á kennarann að því leyti að hann þarf að leita mismunandi lausna og ólíkra leiða, bæði til að aðstoða börnin í að leysa ágreiningsefni og til þess að kveikja áhuga þeirra á leiknum.

Í starfi leikskólans eru börnin hvött til þess að leysa ágreiningsefni sjálf og leita lausna á þeim vandamálum sem þau kunna að standa frammi fyrir og aðstoða hvert annað. Í flæði gefst börnunum tækifæri til að mynda og þróa félagstengsl við börn á öðrum deildum leikskólans. Það gefur börnunum tækifæri til að skilja að þeirra nánasta umhverfi er hluti af stærra samfélagi.

Mannréttindi

Íþróttir

Hreyfing er mikilvæg og er hreyfiproski einn af þeim þroskaþáttum sem ber að efla í leikskólastarfinu. Hreyfing stuðlar að vellíðan og hefur góð áhrif á líkamlegan þroska barna.

Í Laufskálum er lögð áhersla á heilbrigða lífshætti, matarræði og hreyfingu. Í íþróttum kynnast börnin leikjum, fá að hreyfa sig, læra samskipti hvert við annað og að fylgja fyrirmælum kennara. Umræður um hollt matarræði fléttast inn í leiki í íþróttatímum. Þol, þor og gleði eru hugtök sem höfð eru að leiðarljósi. Í íþróttum er mikil áhersla lögð á nauðsyn vatnsdrykkju. Börnin gera hlé á íþróttæfingum til þess að drekka vatn og eru frædd um nauðsyn þess að sinna vatnspörf líkamans þegar reynt er á hann.

Heilbrigði



Leiklist

Aðalmarkmið leiklistarstarfsins er að börnin geti tjáð skoðanir sínar og hjartans mál fyrir framan aðra, bæði í samtölum og í hóp. Þau þurfa einnig að hafa þolinmæði, virða rétt annarra til að tjá sig og sýna öðrum viðurkenningu.

Börnin æfa sig í að syngja fyrir framan hóp, tala, dansa og sýna leikrit. Þetta eru ýmist einstaklingsverkefni eða verkefni í smærri og stærri hópum. Þegar börnin eru ekki á sviði eru þau í hlutverki áhorfenda og æfa sig í að hlusta, fagna og meðtaka boðskap.

Læsi



Leiklist stuðlar að sterkari sjálfsmynd og aukinni hæfni til þess að leika sér, lifa sig inn í ímyndadæðar aðstæður og setja sig í spor annarra. Leiklist styrkir málþroska, eykur félagsfærni, örvar frumkvæði, sköpunarhæfni, ímyndunarafl og verklagni.

Í Laufskálum eru hugmyndir barnanna fangaðar og hugur þeirra opnaður í átt til sköpunar sem tjáningarforms.

Leiklist í Laufskálum hefur mismunandi birtingarmyndir, allt frá smærri verkefnum upp í stærri sýningar. Leitast er við að allir taki þátt með einum eða öðrum hætti, hvort sem það er á sviði eða bak við tjöldin. Öll hlutverk eru jafn mikilvæg. Markmiðið er að allur leikskólinn, börn, starfsfólk og foreldrar, komi með einum eða öðrum hætti að leiklistinni í leikskólanum. Í menningu leikskólans er hefð fyrir leikriti frá starfsfólki leikskólans en sú sýning er sett upp á afmæli leikskólans ár hvert.

Sköpun

Foreldrar elstu barnanna eru miklar og góðar fyrirmyndir þegar þau setja árlega upp leiksýningu á Sumarhátíð leikskólans og foreldrafélagsins.

Stuðningur í Laufskálum

„Barn með sérþarfir er barn sem taka verður sérstakt tillit til í leikskólanum. Það getur verið vegna fötlunar, þroskafrávika eða félagslegra og tilfinningalegra erfiðleika. Sérhvert barn þarf að fá viðfangsefni við sitt hæfi. Ætíð skal gæta þess að jafnvægi og jafnrétti ríki í barnahópnum og í samskiptum barnanna. Miða skal leiðsögn og stuðning við þarfir barnsins og vinna í nánú samstarfi við foreldra. „Stefnt skal að því að þörfum barns fyrir stuðning sé mætt innan barnahópsins, þess sé gætt að barnið einangrist ekki og aðlagist vel barnahópnum, njóti eðlilegra tengsla og að leikurinn sé virtur sem aðalnámsleið barnsins.“
(tekið úr Sérkennslustefnu leikskólasviðs Reykjavíkurborgar 2009)

Lögð er áhersla á að barn með sérþarfir njóti þess stuðnings sem það hefur innan barnahópsins í daglegu starfi leikskólans. Barnið er eitt af barnahópnum inni á deild og bera allir kennarar jafna ábyrgð á því.

Mannréttindi

Deildarstjóri ber ábyrgð á öllum börnum á deildinni, líka börnum með sérþarfir. Hann ber ábyrgð á því að barnið njóti þess stuðnings sem það hefur rétt á en einnig ber hann ábyrgð á því að láta vita ef stuðningsbarn er ekki í leikskólanum.

Stuðningsaðili á að taka þátt í daglegum athöfnum inni á deild og þá hjálpast aðrir kennarar við að kenna stuðningsbarninu. Með því er stuðlað að barnið einangrist ekki við einn kennara heldur sé partur af hópnum, bæði í augum barna og kennara. Ábyrgðarmaður sérkennslu, stuðningsaðili og deildarstjóri bera ábyrgð á að barnið fái þann stuðning sem það þarf.

Lögð er áhersla á að börnin læri í gegnum leik í samvistum við önnur börn. Stuðningsaðili verður að sjá til þess að barn sé sjaldan eitt í leik með kennara þar sem mikilvægt er að efla félagsfærni.

Þegar barnið tekur þátt í daglegum athöfnum leikskólans á stuðningsaðili að gera það líka. Til dæmis þegar barnið fer út þá klæðir það sig út með barnahópnum (með aðstoð ef þarf) og stuðningsaðili fer annað hvort út sem kennari með barninu eða aðstoðar við að klæða aðra.

Jafnrétti

Ábyrgðarmaður sérkennslu og stuðningsaðili barnsins bera ábyrgð á að einstaklingsnámskrá sé gerð og endurskoðuð eftir 3-6 mánuði.

Í einstaka tilfellum þarf stuðningsbarn að fara með stuðningsaðila í einstaklingsvinnu. Þá er það gert í samráði við ábyrgðarmann sérkennslu.



Hefðir

Þar sem leikskólastarf er í stöðugri þróun breytast hefðirnar okkar í takt við það. Dæmi um þetta eru afmæli barnanna. Áður var haldið upp á afmæli með köku eða öðru sætmeti en nú er boðið upp á ávexti eða grænmeti þegar afmælum er fagnað.



Þorrablót



Afmæli



Þjóðarbrotin okkar



Jólaball



Öskudagur



Strákakaffi

Stjórnun

Lýðræði er áhersluatriði í stjórnun leikskólans. Aðkoma allra starfsmanna er höfð að leiðarljósi þegar marka þarf stefnu eða setja markmið. Lokavinna og ábyrgð er í höndum leikskólakennara og leikskólastjórna. Dagleg stjórnun einkennist af tillitsemi og virðingu. Réttindi og skyldur starfsmanna eru í hávegum hafðar og samskipti einkennast af gagnkvæmri virðingu. Samskipti stjórna við foreldra einkennast af sýnileika, uppeldis- og kennslufræðilegri fagmennsku og umfram allt skilningi.

Innra og ytra mat

Við leikskólann starfar matsnefnd. Nefndina skipa 3 fulltrúar. Leikskólastjóri á alltaf sæti í matsnefnd. Hinum fulltrúunum er skipt út til skiptis á 2 ára fresti, eftir framboð og val úr hópi allra starfsmanna. Nefndin leggur upp með matsþætti á hverju starfsári og vinnur skýrslu úr matsgögnum að vori. Matstæki eru ólík eftir matsþáttum. Valdir matsþættir eru svo innleiddir í starfið í leikskólanum. Dæmi um þetta er samskiptaskráning sem varð fastur liður í gæðaeftirliti uppeldis- og kennslustarfsins.

Val á matsþáttum er í höndum matsnefndar. Nefndin skoðar umbótaáætlun fyrra árs og áætla hvort enn sé þörf á að meta og bæta tiltekna þætti. Einnig koma inn á borð matsnefndar ábendingar frá foreldrum og kennurum um þætti í starfi leikskólans sem þarf að skoða með tilliti til gæða og þróunar. Mat hvers skólaárs er opinbert í starfsáætlun Laufskála sem gefin er út árlega.

Deildarstjórar hverrar deildar gera reglulega mat á stöðu barna í leikskólanum. Notast er við þroskalista og próf ásamt umræðu frá fagfundi um börnin, þar sem staða barnanna er rædd út frá þroska, hegðun og líðan. Þessa fundi sitja deildarstjórar, sérkennslustjóri, aðstoðarleikskólastjóri og leikskólastjóri.

Ytra mat er í höndum Skóla- og frístundasviðs Reykjavíkur og Menntamálaráðuneytis sem markvisst og reglulega gera heildarmat á starfi skólans. Þar á meðal er viðhorfskönnun foreldra.

Raddir starfsmanna

Hlustað er á sjónarmið starfsmanna Laufskála og taka allir þátt í mati á skólastarfinu. Einn hluti matsins er svör starfsmanna við tveimur spurningum. Þær eru: Hvað er vel gert í Laufskálum og hvað má betur fara? Ákveðnir þættir eru teknir fyrir en þó mega starfsmenn koma með álit sitt á hvaða þætti starfsins sem þeir óska.



Samstarf skólastiga og frístundar

Markmið

Að auka samskipti og samvinnu þessara stofnanna og auðvelda þannig aðlögun nemenda af leikskólastigi yfir á grunnskólastig og í frístund.

Að efla vitund frístundaleiðbeinenda og kennara beggja skólastiga um starf hvers annars.

Leiðir

Með skipulögðum atburðum þar sem nemendur fara ýmist í leikskólann, grunnskólann eða frístundaheimilið.



Við gerð þessarar námskrár var stuðst við:

Aðalnámskrá leikskóla

Rit um grunnþætti menntunar

M.ed. ritgerð Önnu Báru Sævarsdóttur, leikskólakennara

Lög um leikskóla

Stefnur og handbækur leikskólans Laufskála

Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna